



## Leiðbeiningar um þjónustu við börn sem eru í sóttkví á heimilum sínum

### I. Starfsfólk og sóttkví

- Sóttkví er notuð þegar einstaklingur hefur mögulega smitast af sjúkdómi en er ekki veikur sjálfur.
- Tilgangur með sóttkví er að lágmarka áhættu á smiti/dreifingu Covid-19 og því **mjög nauðsynlegt** að fylgja þeim reglum sem settar hafa verið.
- Almenna reglan er sú að með réttum varúðarráðstöfunum er **þjónusta veitt á heimili barna í sóttkví**. Engin þjónusta ætti að vera veitt ef barn er í einangrun, nema að klæðast fullum hlífðarbúnaði.\*
- **Sömu þjónustuveitendur/sami starfsmaður** sinni barni í sóttkví inn á heimili þess. Eða eins fáir veitendur og mögulegt er. Starfsmaður sem sinnir barni í sóttkví ætti því ekki að sinna öðrum börnum.
- Starfsfólk sem annast barn í sóttkví skal viðhafa almenna varúð gegn sýkingum, eins og alltaf ber að gera; þvo sér vel um hendur með sápu og spritta áður en barn er aðstoðað og á eftir og gæta almenns hreinlætis.

### II. Óskað er eftir að starfsfólk þjónusti barn í sóttkví

- Alltaf skal óska eftir ráðgjöf vegna þjónustu barns í sóttkví til sóttvarnanefndar velferðarsviðs og senda póst til [eyrun.valsdottir@reykjavik.is](mailto:eyrun.valsdottir@reykjavik.is). Gott er að senda rökstuðning og hugleiðingar og sóttvarnanefnd veitir leiðsögn og leiðbeiningar um hlífðarbúnað. Hlífðarbúnaður er veittur af hálfu heimaþjónustunnar í viðkomandi hverfi.
- Eftir að ráðgjöf hefur verið fengin hjá sóttvarnarnefnd má hefja þjónustu en **mikilvægt er að kynna atriði í kafla III fyrir foreldrum í síma og fara vel yfir með viðkomandi starfsmanni**.

### III. Í bráðatilfellum má heimila að börn í sóttkví fái þjónustu heim til sín.

- Takmarka skal snertingu við þann sem er í sóttkví eins og raunhæft er.
- Forðast snertingu við líkamsvessa (slím úr öndunarvegi, uppköst, hægðir)
- Þrifa umhverfi vel með vatni og sápu.
- Ekki þörf á notkun hlífðarbúnaðar umfram hefðbundna notkun við alla nána snertingu, þ.e. einnota hanskar, hlífðarsloppur eða plastsvunta.
- Þvo hendur eða nota handspritt eftir snertingu við barnið.
- Fylgjast vel með hvort viðkomandi fær einkenni sem bent geta til smits.
- Ef barn sem er í sóttkví notar bleiu eða þarf aðstoð við salernisnotkun þarf að gæta vel að hreinlæti og nota hanska og svuntu, jafnvel ermar eða hlífðarslopp ef viðkomandi er með niðurgang. Gæta vel að handþvotti á eftir, bæði starfsmanns og barns.
- Hafa skal **sérstakt salerni** fyrir barnið sem er í sóttkví – ef því er ekki komið við er almennt hreinlæti viðhaft, skv. tilmælum SL/covid.is
- Biðja skal foreldri að mæla líkamshita barns alla morgna.



Sóttvarnarnefnd velferðarsviðs  
Drög III 26. mars 2020

- Starfsmaður skal hringja til foreldris barns fyrir heimsókn og athuga hvort viðkomandi hefur einhverj einkenni Covid-19, s.s. hósta, hita, beinverki.
  - ef einkenni, þá fer starfsmaður **og þjónustar barn af ítrustu varúð með hlífðarslopp og einnota hanska.**
- Gæta skal ítrasta hreinlætis skv. leiðbeiningum og þvo hendur og nota spritt nokkrum sinnum á meðan á þjónustu stendur.
- Æskilegt væri að skipta um föt/sturta og/eða góðan handþvott um leið og komið er út af heimili.
- Æskilegt að þvo klæðnað vel með þvottaefni (helst nota klæðnað sem má þvo á 60°C) eftir að þjónustu lýkur.

#### IV. Ef þjónusta hefur verið samþykkt og engin getur veitt barni þjónustu nema starfsmaður sem er sjálfur í sóttkví

- Við sérstakar aðstæður, þegar aðrar leiðir eru ekki færar, kann að koma til þess að sérhæfðir starfsmenn í sóttkví sem sinna lykilþjónustu s.s. umönnun fatlaðra einstaklinga sem eru líka í sóttkví eða við innviði samfélagsins fái heimild til að snúa til vinnu að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Slík sóttkví kallast **Sóttkví B** til aðgreiningar frá hinni almennu sóttkví.
- Þá verður að sækja um undanþágu frá heimasóttkví, svokölluð *Sóttkví B*
- Sækja verður um til EL. Sóttvarnarnefnd velferðarsviðs veitir ráðgjöf um hvernig sótt er um og hvort talið sé að um bráðnauðsynlega þjónustu sé að ræða. Mikilvægt er að slík undanþága sé aðeins veitt í einstaka tilfellum.
- **Þetta á við þegar starfsmaður, sem er sjálfur í sóttkví, sinnir áfram íbúa sem hann hefur sinnt áður og er í sóttkví.**
- Ef barn í sóttkví fær einkenni eins og hita, hósta eða beinverki eða einhver grunur vaknar um veikindi, þá skal hafa samband við heilsugæslustöð viðkomandi eða í síma 1700.

\*Hér má sjá leiðbeiningar um fullan hlífðarbúnað: <https://www.youtube.com/watch?v=zNVUPei2SVc>  
Athugið að fullur hlífðarbúnaður er einungis notaður í einangrun. Sóttvarnanefnd leiðbeinir með búnað í sóttkví.